

Stjórnarfundur ÍPS 13. Mars 2018 kl 19.00

Viðstaddir:

Ólafur Guðmundsson

Dagbjartur Harðarsson

Viðar Valdimarsson (Skype)

Baldur Ingólfsson

Dagskrá fundar:

- Komandi mót
- Landsliðið
- Þjálfarar
- Reglur um Evrópumót
- Fjáröflun
- Fjáröflunarmót fyrir landslið
- Aðild að ÍSí
- Dagatal
- Stigalistar
- OPEN mót í október
- Unglingastarf

Rætt um komandi viðburði, og hvernig best er fyrir ÍPS og aðildarfélög að standa sem best að þessum mótum.

Meistari Meistaranna sem fram fer laugardaginn 24. mars hjá Pílufélagi Reykjanesbæjar og undanúrslit og úrslit karla og úrslit kvenna fara fram sunnudaginn 25. mars í Egilshöll.

Winmau Iceland Open sem haldið verður í Hlégarði Mosfellsbæ 30.Mars – 1.Apríl.

Framkvæmd móts í samvinnu við Kastíð, margar hendur vinna létt verk og munum við eflaust biðla til félagskvenna og manna að leggja okkur lið í að koma upp aðstöðunni í Hlégarði.

Landsliðsmál voru rædd, samþykkt að setja af stað vinnu í að yfirfara og jafnvel breyta fyrirkomulagi á stigamótum. Stefnum að því að koma af stað hugmyndavinnu og setja upp „beinagrind“ að nýju fyrirkomulagi sem kynnt verður á úrtökumóti í maí næstkomandi. Annars ákveðið að fylgja núverandi reglum um Norðurlandamótið sem gerðar voru af fráfarandi stjórn.

Vignir mun áfram sinna starfi landsliðsþjálfara framyfir Evrópumót og voru allir stjórnarmenn sem til hans þekkja sammála um að hann sé að gera góða hluti.

Hugmynd að fjáröflun fyrir landsliðið, stefnt að fjáröflunarmóti/styrktarmóti í Apríl sem landliðið mun sjá um með aðstoð stjórnar ÍPS. Talað um að fá fyrirtæki með okkur í lið varðandi auglýsingar og vinninga. Einnig kom hugmynd að setja af stað vinnu í að halda alþjóðlegt mót í október með aðkomu einhvers „stórfyrirtækis“ t.d. Wow-Open eða eitthvað slíkt.

ÍSí aðild – sett verður aukin vinna í umsjá Ólafs og Dagbjarts varðandi inngöngu í ÍSí.

Viðar kom með ábendingu um að yfirfara reglur ÍPS með breyttu orðalagi og sníða meira að íslensku pílusamfélagi og voru allir stjórnarmenn sammála.

Stigalistar. Áfram verður treyst á liðsinni Einars Möller varðandi skráningar á stigalista, en áréttað að þurfi að setja einhvern tímaramma með skil á gögnum. Fá stigin og skorið inn innan ákveðins tíma að móti loknu. Vinna markvisst að því að tölvuvæða píluna.

Viðar kom inná að bæta þurfi ásýnd og gera heimasíðu ÍPS notendavænni og þurfi að bæta þar inn upplýsingum varðandi pílu almennt. T.d. setja inn aðgengilegar upplýsingar um hvernig setja skal upp aðstöðu til píluíðkunar og æfingatöflur og æfingaprógrömm. Hvert hlutverk ÍPS er.

Unglingastarfið rætt – framundan er Evrópumót unglunga í Tyrklandi, en vegna staðsetningar þá eru fáir spenntir fyrir því að senda börnin/unglingana til Tyrklands á pílumót. Rætt var um að koma til móts við unglingastarfið og koma jafnvel á móti/helgarferð til Hollands eða Skotlands í staðinn.

Fengum fyrirspurn frá aðila á Akranesi sem er að vinna í að setja upp aðstöðu þar í bæ. Stefnir að því að opna þar Bar þar sem hægt verður að fara í Pool – Keilu – Pílu og fleiru. Hann biðlaði til okkar að vera sér innan handar með Píluaðstöðu. Vel var tekið í þessa beiðni og stefnum við að því að styrkja þá eins vel og okkur er unnt.

Fundi slitið kl 20.08 og næsti fundur ákveðinn þann 27. Mars kl 19 í PFR Tangarhöfða